# HRUNAMANNAHREPPUR

**44. FUNDUR HREPPSNEFNDAR**
**KJÖRTÍMABILIÐ 2006 – 2010 3. FUNDUR ÁRSINS**
**VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 11. MARS 2009**
**KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

**Árið 2009, þann 11. mars kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.**

***Erindi til hreppsnefndar:***

1. **Tillaga að aðalskipulagsbreyting Hrunamannahrepps 2003-2015 – mars 2003**
2. **Drög að samstarfs- og þjónustusamnings milli Björgunarfélagsins Eyvindar og Hrunamannahrepps**
3. **Fannborg – Kerlingafjöll framlenging á samningi.**
4. **Íbúðalánasjóður v. Miðhofs 1,3,5, og 7.**
5. **Samband íslenskra sveitarfélaga – Landsþing**
6. **Starfsendurhæfing Suðurlands**
7. **SVFR: Netupptaka og fiskrækt á Hvítar- og Ölfusársvæðinu**
8. **Tillaga um mann í Matsnefnd v. Hrunaheiða.**
9. **Bakkatúnsvegur – framvinda málsins.**

***Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps***

1. **30 fundur veitustjórnar frá 24. febrúar s.l.**
2. **1. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla frá 17. febrúar s.l.- minnisblað frá Guðmundi Guðfinnssyni og skipurit og skólastefna**
3. **1. Fundur fræðslunefndar ársins 2009 v./leikskóla frá 23. febrúar s.l.**

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.***

1. **10. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. febrúar s.l.**
2. **Byggingar- og skipulagsfulltrúi, kostnaðar- og efnahagsyfirlit 2008**
3. **110 fundur Félagsþjónusta í uppsveitum Árnessýslu frá 3. febrúar s.l.:**

***Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:***

a. **Sorpstöð Suðurlands: 168. fundur stjórnar frá 18. febrúar s.l.**
b. **Skólaskrifstofa Suðurlands: 112. stjórnarfundur frá 9. febrúar s.l.**

***Aðrar upplýsingar:***

a. **Landgræðsla ríkisins: Svar við styrkbeiðni frá 5. febrúar 2009**
b. **Lánasjóður sveitarfélaga: Kjörbréf v. aðalfundar**
c. **Sambandið: 761. fundargerð frá 27. febrúar s.l.**
d. **Sambandið: Minnisblað Guðjón Bragason, lögfræðingur**
e. **Samningur Félagsheimilis Hrunamanna og Hjónaballsnefndar**
f. **Viðlagatrygging: V. mannvirkja bréf frá 20. febrúar s.l.**
g. **Innkaupareglur sveitarfélaga: Fyrirmynd af innkaupareglum**
h. **Félag íslenskra félagsliða: Fagfélag á landsvísu**
i. **Samgönguráðuneytið: Húsaleigubætur bréf frá 6. febrúar s.l.**
j. **Samgönguráðuneytið: Bréf frá 16. febrúar v. fjárhagsáætlunar og fjárhagslegra upplýsinga.**
k. **Samgönguráðuneytið: Jöfnunarsjóður áætlanir framlaga úr Jöfnunarsjóði 2009**
l. **Skipulagsstofnun: Listi yfir skipulagsfulltrúa bréf frá 24. febrúar 2009**
m. **Menntamálaráðuneytið: Tilkynning um dagsetningar samræmdra könnunarprófa 4.,7., og 10. bekk haustið 2009.**

Fundir framundan:

- Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 13. mars n.k.
- Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 13. mars n.k.
- Landsráðstefna um Staðardagskrár 21: Ráðstefna í Stykkishólmi 20. og 21. mars 2009.
- Miðlun menningar Árnesi 12. mars kl. 10.00 – 17.00

***Erindi til hreppsnefndar:***

1. **Tillaga að aðalskipulagsbreyting Hrunamannahrepps 2003-2015 – mars 2003** Oddviti kynnti tillögu að aðalskipulagsbreytingu Hrunamannahrepps. Það er breyting á svæðinu í kringum Gröf vegna fyrirhugaðs heilsuþorps. Hreppsnefnd samþykkir tillögu að aðalskipulagsbreytingu í landi Grafar og felur sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna eftir að fjallað hefur verið um hana hjá Skipulagsstofnun.
2. **Drög að samstarfs- og þjónustusamnings milli Björgunarfélagsins Eyvindar og Hrunamannahrepps.** Oddviti kynnti drög að samningi milli Eyvindar og Hrunamannahrepps, þar er tiltekið hvað hver skuli gera í tilteknum aðstæðum og önnur þau verk sem falla utan björgunarstarfa. Hreppsnefnd samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningnum f.h. Hrunamannahrepps.
3. **Fannborg – Kerlingafjöll framlenging á samningi.** Oddviti kynnti bréf frá Fannborg þar sem fyrirtækið óskar eftir framlengingu á núgildandi samningi hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Fannborgar m.t.t. endurskoðunar á samningnum.
4. **Íbúðalánasjóður v. Miðhofs 1,3,5, og 7.** Oddviti kynnti bréf frá Íbúðalánasjóð vegna úttekta byggingarfulltrúa á húsunum við Miðhof 1,3,5 og 7 á Flúðum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og byggingarfulltrúa að svara bréfinu.
5. **Samband íslenskra sveitarfélaga – Landsþing** Oddviti kynnti boðun 23. ársþings SíS í Reykjavík 13. mars nk. Hreppsnefnd hefur valið Sigurð Inga Jóhannsson aðalfulltrúa og Ragnar Magnússon sem varafulltrúa á landsþingið. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri er hins vegar fulltrúi sveitarfélagsins á ársfund Lánasjóðs sveitarfélaga.
6. **Starfsendurhæfing Suðurlands** Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna stofnunar starfsendurhæfingar Suðurlands. Sveitarstjóra falið að kanna málið betur f.h. sveitarfélagsins og er afgreiðslu því frestað.
7. **SVFR: Netupptaka og fiskrækt á Hvítar- og Ölfusársvæðinu** Oddviti kynnti bréf frá Stangveiðifélagi Reykjavíkur þar sem þeir óska eftir stuðningi við friðunar og fiskræktarverkefni sem falist hefur í samningum við netabændur um að nýta ekki rétt sinn. Hreppsnefnd tekur undir hugmyndir um friðun og fiskirækt sem felst í netauppkaupum á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár. Hreppsnefnd hvetur til víðtækrar samstöðu um málið en hafnar fjárstuðningi.
8. **Tillaga um mann í Matsnefnd v. Hrunaheiða.** Oddviti kynnti bréf frá Svan Einarssyni um að tilnefna mann í Matsnefnd vegna landamerkjagirðingar milli Hrunaheiða og Tungufells. Hreppsnefnd samþykkir að tilnefna Kristján B. Jónsson, héraðsráðunaut sem fulltrúa hreppsins í nefndina.
9. **Bakkatúnsvegur – framvinda málsins.** Sveitarstjóri greindi frá stöðu mála vegna Bakkatúnsvegar. Tvær athugasemdir hafa borist annars vegar frá Klemenzi Eggertssyni f.h. Árna Hjaltasonar til Samgönguráðuneytisins sveitarstjóri hefur f.h. Hrunamannahrepps þegar svarað erindi ráðuneytisins vegna þessa. Hins vegar barst fyrirspurn frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála þar sem nefndinni veri send gögn varðandi málið. Það bréf barst í gær og ber

að svara því fyrir 3. apríl n.k. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

***Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps***

1. **30 fundur veitustjórnar frá 24. febrúar s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 30. fundar veitustjórnar. Hannibal sagði frá fundi með landeigendum á Laugum vegna áframhaldandi borunar í hreppnum og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð.
2. **1. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla frá 17. febrúar s.l.- minnisblað frá Guðmundi Guðfinnssyni og skipurit og skólastefna.** Oddviti kynnti 1. fund fræðslunefndar á árinu. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, skólanámskrár, skólastefnu og húsnæðisstefnu og önnur mál. Bréf frá Guðmundi húsverði um brýnustu vandamál sem snúa að viðhaldi var sent hreppsnefnd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð og að öll börn í skólanum fái fría mjólk í nestistímum út skólaárið.
3. **1. Fundur fræðslunefndar ársins 2009 v. leikskóla, haldinn 23. febrúar s.l.** Oddviti kynnti 1. fund fræðslunefndar á árinu. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, skólastefnu Hrunamannahrepps, skólaráð o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.***

1. **10. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 26. febrúar s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar skipulags og byggingarnefndar. Eitt mál lá fyrir vegna Hrunamannahrepps og var afgreiðslu þess frestað. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð.
2. **Byggingar- og skipulagsfulltrúi, kostnaðar- og efnahagsyfirlit 2008** Oddviti kynnti kostnaðar og efnahagsyfirlit skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir síðasta ár. Samtals nam kostnaður við bæði embættin rúmum 56 milljónum, og er hlutur Hrunamannahrepps rúm 10 %. Hreppsnefnd samþykkir skiptingu kostnaðar.
3. **110 fundur Félagsþjónusta í uppsveitum Árnessýslu frá 3. febrúar s.l.:** Oddviti kynnti 110.fund félagsþjónustunnar. Tekin voru 2 mál vegna barnaverndar, samþykkt ein umsókn um fjárhagsaðstoð, samþykktar áframhaldandi félagslegar heimaþjónustur og ein umsókn um liðveislu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð.

***Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:***

a) **Sorpstöð Suðurlands: 168. fundur stjórnar frá 18. febrúar s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
b) **Skólaskrifstofa Suðurlands: 112. stjórnarfundur frá 9. febrúar s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

***Aðrar upplýsingar:***

a. **Landgræðsla ríkisins: Svar við styrkbeiðni frá 5. febrúar 2009** Lagt fram til kynningar.
b. **Lánasjóður sveitarfélaga: Kjörbréf v. aðalfundar** Lagt fram til kynningar.
c. **Sambandið: 761. fundargerð frá 27. febrúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
d. **Sambandið: Minnisblað Guðjón Bragason, lögfræðingur** Lagt fram til kynningar.

e. **Samningur Félagsheimilis Hrunamanna og Hjónaballsnefndar Lagt fram til kynningar.**
f. **Viðlagatrygging: v. mannvirkja bréf frá 20. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.**
g. **Innkaupareglur sveitarfélaga: Fyrirmynd af innkaupareglum Lagt fram til kynningar.**
h. **Félag íslenskra félagsliða: Fagfélag á landsvísu Lagt fram til kynningar.**
i. **Samgönguráðuneytið: Húsaleigubætur bréf frá 6. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.**
j. **Samgönguráðuneytið: Bréf frá 16. febrúar v. fjárhagsáætlunar og fjárhagslegra upplýsinga. Lagt fram til kynningar.**
k. **Samgönguráðuneytið: Jöfnunarsjóður áætlanir framlaga úr Jöfnunarsjóði 2009 Lagt fram til kynningar.**
l. **Skipulagsstofnun: Listi yfir skipulagsfulltrúa bréf frá 24. febrúar 2009 Lagt fram til kynningar.**
m. **Menntamálaráðuneytið: Tilkynning um dagsetningar samræmdra könnunarprófa 4.,7., og 10. bekk haustið 2009. Lagt fram til kynningar.**

**Fundir framundan:**

- **Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 13. mars n.k.**
- **Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 13. mars n.k.**
- **Landsráðstefna um Staðardagskrár 21: Ráðstefna í Stykkishólmi 20. og 21. mars 2009.**
- **Miðlun menningar Árnesi 12. mars kl. 10.00 – 17.00**

- **Oddviti ræddi um stöðu sína í framhaldi af framboði sínu til Alþingis.**

- **Sveitarstjóri ræddi um niðursetningu hreinsistöðvar fyrir frárennsli.**

- **Einnig var rætt um málefni er tengjast félagsþjónustunni.**

**Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:15**